



**LEIÐBEININGAR
SAMSTARF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR
VIÐ GRANNA Í VESTRI
2017-2020**

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Sími +45 3396 0200
Bréfasími +45 3396 0202
www.norden.org

6. september 2016
15-00158-33

AÐDRAGANDI SAMSTARFSINS

Núverandi samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) við „granna sína í vestri“ hefur orðið nánara á síðastliðnum áratug. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar standa andspænis mörgum sömu áskorunum og tækifærunum og svæði í Kanada, Bandaríkjunum, Bretlandi, Skotlandi, Shetlandseyjum, Írlandi og víðar. Sameiginleg skilyrði og viðfangsefni eru t.d. dreifðir og litlir hópar íbúa; stór landsvæði; langar vegalengdir; áskoranir tengdar uppbyggingu innviða; kalt loftslag Norður-Atlantshafsins og norðurslóða ásamt því að byggja afkomu sína að miklu leyti á sjónum og auðlindum sjávar. Þessi viðfangsefni krefjast öll þróunar í anda samvinnu. Ný tækifæri og hugsanlegar ógnir sem stafa af t.d. loftslagsbreytingum og skipaferðum á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum auka almennan áhuga á svæðinu og gefa til kynna hernaðarlegt mikilvægi svæðisins.

Þessi þróun kallar á aukinn skilning og aukið samstarf Norðurlandanna og granna þeirra í vestri. Það er markmið Norðurlandanna að eiga samstarf við granna sína í vestri um sameiginleg hagsmunamál og samtímis að treysta vinabönd svæðanna. Samstarfið þarf því að vera til gagnkvæmra hagsbóta fyrir alla sem hlut eiga að máli. Þessum leiðbeiningum er ætlað að vera til leiðbeiningar og stuðnings við að ná fram þessu markmiði.

Samstarfið er í eðli sínu svæðisbundið og/eða fjölþjóðlegt og mun fara fram milli Norðurlandanna, innan ramma hinna ólíku norrænu ráðherranefnda og ólíkra norrænna áætlana, og viðeigandi samstarfsaðila í vestri. Samstarfið er hannað til að bæta upp og styðja við svið þar sem samstarf skapar norrænt notagildi og gagnkvæman virðisauka.

Í febrúar 2014 samþykktu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) framtíðarsýn með fjórum þróunarmarkmiðum: 1) Norðurlönd án landamæra; 2) Nýskapandi Norðurlönd; 3) Sýnileg Norðurlönd og 4) Opin Norðurlönd. Síðla árs 2014 samþykktu norrænu samstarfsráðherrarnir líka stefnu um kynningu Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Norræna framtíðarsýnin og stefnan um kynningu á alþjóðavettvangi munu hjálpa við að leiða veginn í samstarfi við granna í vestri. Samstarf Norðurlandanna og granna í vestri mun fara fram í samhengi við heildstætt alþjóðlegt samstarf sem fer fram innan Norrænu ráðherranefndarinnar og annarra viðeigandi núverandi þverfaglegra stefnumiða og áætlana.

LEIÐBEININGAR

Samfara auknum áhuga á samstarfi við granna í vestri er tilgangur þessara leiðbeininga að skapa umgjörð um samstarfið.

Leiðbeiningarnar eiga að tryggja og ná fram:

- Virkri þátttöku frá minnst þremur aðildarríkjum norræns samstarfs (Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum).
- Gagnkvæmum hagsmunum Norrænu ráðherranefndarinnar og samstarfsaðila í vestri.
- Virðisauka fyrir alla aðila án tvíverknaðar.

- Nýtingu þverfaglegra stefnumiða Norrænu ráðherranefndarinnar (t.d. sjálfbærri þróun, þátttöku barna og ungmenna; og jafnrétti kynjanna).
- Sameiginlegum og auknum skilningi milli Norðurlandanna og granna í vestri.

MR-SAM og Norræna samstarfsnefndin (NSK) bera ábyrgð á alþjóðlegu samstarfi, sem teygir anga sína út fyrir landsvæði það sem norrænt samstarf nær yfir eins og því er lýst í Helsinkisamningnum, og bera því heildstæða ábyrgð á samstarfi við granna í vestri.

Aðrar einingar, svo sem aðrar ráðherranefndir og tengdar norrænar stofnanir, gætu borið ábyrgð á beinni framkvæmd verkefna innan samstarfsins við granna í vestri. Ráðherranefndirnar geta átt samstarf við ólíka hluta landsvæðisins sem þessar leiðbeiningar ná til um leið og sjá má norrænt notagildi. Leiðbeiningarnar stýra starfi Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarfið og ber að líta á þær sem upphaf að sameiginlegum verkefnum og starfsemi.

FORGANGSMÁL

Víðtækt norrænt samstarf við granna í vestri verður að byggja á sameiginlegum hagsmunum, reynslu úr fyrri samstarfsverkefnum, norrænum og gagnkvæmum virðisauka og niðurstöðum úr viðræðum við núverandi og nýja samstarfsaðila.

Norræna ráðherranefndin hefur áhuga á að skapa, styðja við og leggja sitt af mörkum til heildstæðrar sjálfbærrar þróunar og „2030 áætlunarinnar“ með ákveðinni áherslu á eftirfarandi viðfangsefni:

- Málefni sjávar
- Viðskipta- og efnahagsþróun
- Umhverfis-, loftslags- og orkumál
- Rannsóknir, nýsköpun og menntamál
- Menningarmál
- Heilbrigðismál
- Jafnrétti kynjanna
- Þátttöku barna og ungmenna

TÆKI TIL AÐ ÞRÓA SAMSTARFIÐ

Samstarfið má þróa og ná fram með eftirfarandi leiðum:

- Samstarfi við granna í vestri.
- Samstarfi innan og fyrir tilstilli norrænna stofnana og samstarfsvettvanga.
- Viðeigandi áætlunum á vegum ráðherranefndanna, norrænna stofnana og norræna samstarfsvettvanga.
- Ólíkum gerðum viljayfirlýsinga.
- Skiptum á upplýsingum og samanburði á reynslu (setningu viðmiðana).
- Tækjum fyrir utanaðkomandi aðila, fjárveitingum og samstarfsleiðum.

Núverandi tíu norrænar ráðherranefndir geta þróað samstarf á grundvelli forgangsröðunar hverju sinni. Viðeigandi opinberir fulltrúar (svo sem sendiráð Norðurlandanna) munu einnig gegna mikilvægu stuðningshlutverki í samstarfinu.

Norræna svæðasamstarfið „Norræna Atlantssamstarfið“ (NORA) getur, sér í lagi, vegna sérfræðipækkingar sinnar á Norður-Atlantshafssvæðinu, gegnt hlutverki sem ráðgefandi samráðsvettvangur í tengslum við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. NORA getur einnig gegnt hlutverki sem framkvæmdastofnun og ráðgjafarhlutverk þess verður ákveðið í hvert skipti sem við á.

FJÁRHAGSREGLUR

Síðan 2009 hefur MR-SAM haft sérstaka fjárhagsáætlun fyrir samstarfið við granna í vestri, sem er burðarás þessa samstarfs. Líta ber á þessa fjárhagsáætlun sem sprotafjármögnun og ekki rekstrarfjármögnun. 50 prósent af fjárhagsáætlun verkefnis verða að vera fjármögnuð af verkefnisstjóranum eða eiganda/eigendum tiltekins verkefnis.

TÍMI

Þessar leiðbeiningar eiga við tímabilið 2017–2020 (almanaksár).

MAT Á LEIÐBEININGUNUM

Stöðugt mat mun fara fram á samstarfinu. Ítarlegt mat mun fara fram árið 2019 þar sem rætt verður framhald eða endurskoðun leiðbeininganna. MR-SAM mun síðan efna til árlegrar almennrar umræðu um samstarfið og framvindu þess á grundvelli skýrslna um samstarfið. Einstakar áætlanir og bein verkefni verða metin jafnt og þétt og vísað verður til reynslunnar þegar áframhaldandi samstarf verður þróað.

KYNNING Á SAMSTARFINU

Fræðsla og kynning verða að vera með sem hluti einstakra verkefna eða áætlana. Kynning á samstarfinu þarf að fara fram í samræmi við kynningu á Norrænu ráðherranefndinni og stefnumótun um upplýsingamál.

MR-SAM og aðrar ráðherranefndir eiga að leggja sitt af mörkum til að vekja aukna athygli og efla upplýsingastarf um norrænt samstarf við granna í vestri þetta verkefni verður að fara fram í samstarfi við opinbera fulltrúa Norðurlandanna, sendiráð og viðeigandi opinber norræn samtök og stofnanir. Kynning samstarfsins verður aukin og samræmd með viðeigandi samstarfsaðilum sem, á öllum stigum máls og að svo miklu leyti sem kostur er, ættu að taka þátt í að gera samstarfið sýnilegt.